

Undanfari: REK 102

Kennari: Guðmundur Eyþórsson

Áfangalýsing

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemendur geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga.

Markmið:

Að nemendur:

- þekki grundvallarhugtök hagfræðinnar, samhengi þjóðhagsstærða, muninn á vergri landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu.
- kunni skil á verðmyndun á markaði, efnahagshringrásinni, umfangi og fjármögnun hins opinbera, hlutverki hins opinbera, verðbólgu og vísitölum.
- fái innsýn í hagvöxt og hagsveiflur, flokkun atvinnuleysis, hlutverk Seðlabanka Íslands
- þjálfist í notkun vísitalna við margvíslegra útreikninga, umræðum um þjóðhagfræðileg efni
- átti sig á orsökum og afleiðingum atvinnuleysis, hlutverki peninga, þýðingu utanríkisviðskipta fyrir þjóðarbúskapinn
- geti lesið úr og túlkað myndræna framsetningu á þjóðhagfræðilegum gögnum

Kennslugögn:

Þjóðhagfræði 103 kennslubók með verkefnum, Inga Jóna Jónsdóttir
Efni frá kennara.

Námsmat:

Virgni í tímum 10%

Frammistöðumat 20%

Tvö hópverkefni 20 %

Tvö paraverkefni 20 %

Nokkur smærri verkefni 30 %